

From: Ingunn Jónsdóttir
Sent: Wed, 3 Dec 2025 11:18:13 +0000
To: sass@sass.is
Cc: Anton Kári Halldórsson; Ása Valdís Árnadóttir
Subject: Til allra aðildarsveitarfélaga SASS / fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands
Attachments: Fundargerð SOS 02.12.2025.pdf

Góðan dag.

Til upplýsinga sendist hér í viðhengi fundargerð stjórnarfundar Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) frá því fyrr í dag.

Málið varðar næsta fund stjórnar SASS föstudaginn 5. desember þar sem tekið verður fyrir erindi stjórnar SOS til SASS vegna breytinga á umgjörð og rekstri SOS sem þarfnast aðkomu SASS. Verður þá lögð fyrir stjórn SASS ákvörðun um hvort aðkoma SASS að verkefninu verði samþykkt í samræmi við fyrirbyggjandi ályktanir aðalfundar SOS og fyrirbyggjandi samningsdrög með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaga SASS.

Fyrirhugað er að senda málið til afgreiðslu aðildarsveitarfélaga SASS til samþykktar strax að afloknum stjórnarfundis SASS á föstudaginn og gert ráð fyrir að afgreiðsla þeirra vegna málsins liggi þannig fyrir á fyrirhuguðum aukaaðalfundi SOS sem haldinn verði eigi síðar en 12. janúar 2025. Til þess að málið geti gengið hnökralaust fyrir sig er því mikilvægt að sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga SASS taki málið fyrir á fundi sínum í hverju sveitarfélagi fyrir sig núna strax í kjölfarið og þurfa mörg sveitarfélaganna þá að undirbúa fyrirtöku þess á sveitarstjórnarfundum núna í desember. **Í ljósi framangreinds verður þess óskað að afloknum stjórnarfundis SASS að sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga SASS taki afgreiðslu stjórnarfundar SASS vegna málsins sérstaklega fyrir á næsta fundi sínum til samþykktar.** Framangreint sendist til upplýsinga til þess að þau sveitarfélög sem þurfa að taka málið fyrir á sínum vegum með skömmum fyrirvara að afloknum fundi stjórnar SASS föstudaginn 5. desember nk. hafi betra svigrúm til undirbúnings. Sérstakt erindi verður sent til aðildarsveitarfélaga SASS að afloknum fundi stjórnar SASS á föstudaginn vegna málsins.

Gott væri að fá staðfesta móttöku á framangreindu.

Fyrir hönd stjórnar SASS og SOS,

Ingunn



Ingunn Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri
e. CEO
gsm 695 0420
sími 480 8200

SASS
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
e. Association of Municipalities in South Iceland
Austurvegi 56 Selfossi
800 Selfossi